

Reglur um félagslega liðveislu á vegum félagsmálanefndar Fjallabyggðar

I. kafli

Markmið, hlutverk og skipulag liðveislu

1. gr.

Markmið

Markmið liðveislu er að veita fötluðum persónulegan stuðning og aðstoð, sem einkum miðar að því að rjúfa einangrun, t.d. aðstoð til þess að njóta menningar og félagslífs. Liðveisla er ekki ætluð til að aðstoða við athafnir daglegs lífs.

2. gr.

Réttur

Rétt til liðveislu eiga þeir fatlaðir sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, sem búa í heimahúsum og hins vegar íbúar á sambýlum og í þjónustuíbúðum fyrir fatlaða. Liðveisla er veitt fötluðum sem eru 6 ára og eldri.

Veita má liðveislu börnum á aldrinum 6 til 17 ára sem ekki teljast fötluð samkvæmt skilgreiningu laga um málefni fatlaðra en glíma við vandamál sem gerir þeim erfitt fyrir um tengsl og félagsleg samskipti s.s. börn með ADHD/ ofvirkni og athyglisbrest.

Liggja skal fyrir greining frá Greiningarstöð ríkisins, málefnum fatlaðra, geðlæknum eða öðrum sérfræðingum eftir því sem við á.

Lögheimili í Fjallabyggð er skilyrði fyrir liðveislu á vegum sveitarfélagsins hvort sem um er að ræða búsetu í heimahúsi eða á sambýli.

3. gr.

Stjórn og yfirumsjón

Félagsmálanefnd og félagsmálastjóri fara með stjórn félagslegrar liðveislu á vegum Fjallabyggðar. Starfsmenn félagsþjónustu hafa faglega ábyrgð á þjónustunni þ.m.t. mat á þjónustuþörf.

4. gr.

Samþætt þjónusta

Liðveisla er hluti af samþættri þjónustu við fatlaða á vegum félagsþjónustu Fjallabyggðar. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um ráðningu starfsmanna, fræðslu og þjálfun þeim til handa, fara með daglega stjórn á starfseminni og veita liðveitendum ráðgjöf. Jafnframt leggja þeir mat á þjónustuþörf og ákvarða um þjónustu innan ramma gildandi reglna, sem félagsmálanefnd hefur staðfest.

Ákvarðanir um þjónustu og fyrirkomulag eru settar í þjónustusamning sem er undirritaður af þjónustuþega og liðveitenda.

II. kafli

Framkvæmd þjónustunnar

5. gr.

Umsókn um liðveislu

Sótt er um liðveislu á sérstökum eyðublöðum þar sem fram kemur ósk umsækjanda um tímafjölda og fyrirkomulag liðveislunnar.

6. gr.

Mat á þjónustu

Starfsmenn félagsþjónustunnar meta þörf á liðveislu á grundvelli umsóknar. Við mat á þjónustupörf skal tekið tillit til fötlunar, heimilisaðstæðna og þeirrar þjónustu sem umsækjandi nýtur.

7. gr.

Tímafjöldi

Liðveisla samkvæmt reglum þessum er þrennskonar.

Liðveisla allt að 20 tímum á mánuði, veitt einstaklingum með mikla fötlun, þeim sem eru alfarið háðir hjálp annarra.

Liðveisla allt að 11 tímum á mánuði, veitt einstaklingum með minni fötlun.

Liðveisla allt að 5 tímum á mánuði, veitt einstaklingum sem búa á sambýlum.

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki félagsmálanefndar er heimilt að veita liðveislu umfram það sem reglur þessar kveða á um.

8. gr.

Tímabil samþykktar

Samþykktir um liðveislu skulu vera tímabundnar. Fyrsta liðveisla skal að jafnaði ekki vera lengri en til þriggja mánaða. Umsókn skal þá metin að nýju og framlengd, ef ástæða þykir til. Endurnýjaðar samþykktir skulu að hámarki vera til 6 mánaða. Heimilt er þó að ákveða liðveislu til 9 mánaða, ef liðveislan er tengd annarri tímabundinni þjónustu t.d. skólavist.

9. gr.

Kostnaður vegna liðveislu

Ekki er innheimt gjald fyrir liðveislu. Þjónustuþegi greiðir þó sjálfur eigin útlagðan kostnað.

III. kafli

Starfsmenn

10. gr.

Reynsla starfsmanna og námskeið

Leitast skal við að ráða fólk til starfa við félagslega liðveislu sem hefur reynslu af uppeldis- og umönnunarstörfum. Starfsfólki við liðveislu ber að leggja fram sakavottorð ef óskað er eftir því.

11. gr.


Vinnuskýrslur

Liðveitendur skulu skila vinnuskýrslum til starfsmanna félagsþjónustu fyrir 21. hvers mánaðar. Vinnuskýrslur skulu vera áritaðar af þeim sem nýtur liðveislu, forsjáraðila eða umboðsmanni, nema að annað sé ákveðið.

12. gr.

Endurgreiðslur á útlögðum kostnaði

Heimilt er að greiða útlagðan kostnað, að hámarki 3500 krónur á mánuði, fyrir liðveitanda vegna liðveislu en þjónustuþegi greiðir eigin útgjöld. Liðveitendur skulu skila inn reikningsyfirliti ásamt fylgiskjölum eða kvittunum vegna útgjalda.



13. gr.

Akstur

Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir að starfsmaður noti bifreið við störf sín. Þegar óskað er eftir að starfsmaður noti bifreið sína við félagslega heimaþjónustu, skal gerður við hann samningur um hámarksnotkun bifreiðar og skal honum þá greiddur aksturskostnaður samkvæmt akstursbók. Akstur er á ábyrgð starfsmanns og eiganda ökutækis. Hámarksnotkun bifreiðar er 150 km á mánuði.

14. gr.

Ráðningarkjör liðveitenda

Liðveitendur fá greidd laun hjá Fjallabyggð og gilda um launakjör samningar sem Launanefnd sveitarfélaga hefur gert við þau stéttarfélag sem hafa starfsheitið „félagsleg liðveisla“ í sínum kjarasamningum.

15. gr.

Þagnarskylda

Liðveitendur eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem hann kemst að um hagi þjónustuþega og heimili hans. Gildir sú þagnarskylda áfram þótt hann láti af störfum. Við ráðningu skal liðveitandi skrifa undir þagnareid.

16. gr.

Annað

Liðveitendum er óheimilt að þiggja gjafir, friðindi eða önnur hlunnindi frá þjónustuþegum eða aðstandendum þeirra nema innan eðlilegra marka. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni sé heimilt að taka við gjöf.

17. gr.

Tjón

Fjallabyggð hefur í gildi ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar sem tekur til skaðabótaábyrgðar vegna slysa á mönnum og skemmda á munum við framkvæmd á félagslegri liðveislu.

IV. kafli

Málsmeðferð, málskotsréttur umsækjanda og gildistími reglna

18. gr.

Tilkynning og rökstuðningur

Sé umsókn um félagslega liðveislu synjað skal umsækjanda tilkynnt um þá ákvörðun skriflega ásamt leiðbeiningum um rétt til að fá ákvörðun rökstudda. Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu starfsmanna félagsþjónustunnar, getur viðkomandi lagt málið fyrir félagsmálanefnd.

19. gr.

Málskot

Umsækjandi um félagslega liðveislu getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og skal það gert innan 4 vikna frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun, sbr. 1. mgr 63. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

20. gr.
Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri starfsreglur um félagslega liðveislu.

Samþykkt í félagsmálanefnd Fjallabyggðar þann 8. september 2008.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 14. október 2008.